

Nd.

333. Nefndarálit

[150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið lagt á. Teljum við skattheimtu af raforkusölu orðna meiri en góðu hófi gegnir, en slík skattheimta kemur ekki síst illa við íslenskan iðnað. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrarkostnaði margra iðnfyrirtækja. Þessi skattlagning skerðir samkeppnisaðstöðu þeirra gagnvart iðnaði annarra landa, sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Ýmis fleiri rök mæla gegn verðjöfnunargjaldinu, og benda má á að Samband ísl. rafveitna hefur eindregið lagst gegn þessu gjaldi.

Gjald þetta hefur verið framlengt frá ári til árs og hefur farið hækkandi á undanförnum árum. Við lýsum ánægju okkar yfir því, að í þessu frv. er ráðherra heimilað að lækka gjaldið með reglugerð úr 19% í 16% frá 1. júlí 1981. Leggjum við áherslu á að sú heimild verði notuð.

Í hvert sinn, sem gjald þetta hefur verið framlengt, hafa fylgt yfirlýsingar um að leysa eigi fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins á annan hátt, en lítið orðið úr framkvæmdum. Nú ætti að vera betri grundvöllur til þess en nokkru sinni fyrr, þar sem mjög hefur dregið úr þeim mikla kostnaði, sem fylgt hefur mikilli raforkuframleiðslu með dísilkeyrslu. Lagning orkuflutningslína til Orkubús Vestfjarða og norður og austur um land hefur breytt fjárhagsstöðu Orkubúsins og RARIK.

Með því að bæta fjárhagsstöðu RARIK mætti tryggja eðlilega jöfnun á raforkuverði og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækisins. Þar sem enn hefur ekki verið gerð gangskör að því að leysa fjárhagsvanda RARIK, þrátt fyrir margar yfirlýsingar þar um, viljum við ekki nú stofna fjárhag RARIK og Orkubús Vestfjarða í óvissu, enda aðeins nokkrir dagar þar til heimildir til núverandi verðjöfnunargjalds renna út. Við viljum því ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu, en viljum láta þessi sjónarmið koma fram.

Alþingi, 18. des. 1980.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
frsm.

Jósef H. Þorgeirsson.